

# STJÓRNANDINN

2. tölublað 19. árg.

Brú félag stjórnenda

Nóvember 2018

## Brú – félag stjórnenda verður hundrað ára á næsta ári

„Félagið var stofnað 3. mars 1919 og hét upphaflega Verkstjórufélag Reykjavíkur. Nafninu var síðar breytt í Brú – félag stjórnenda vegna þess að starfsheitið verkstjóri er hverfandi í þjóðfélaginu.“ Brú sem er langstærsta aðildarfélag Sambands stjórnendafélaga (STF) af 10 félögum innan sambandsins. Í félaginu eru stjórnendur af öllu tagi og eru félagsmenn um 800 talsins.

„Sá sem gerist félagi í Brú verður félagsmaður til æviloka. Hér greiðir enginn félagsgjöld eftir sjötugt og þegar stjórnandi lætur af störfum vegna aldurs eða örorku verður hann áfram félagsmaður og nýtur allra þeirra réttinda sem félagið býður upp á.“

Orlofsúrræði Brúar njóta sérstöðu og er sífellt leitað nýrra leiða til að gleðja félagsmenn.

„Brú á tvö glæsileg sumarhús í Skorradal, sumarbústað í Grímsnesi og keypti nýbyggt heilsárshús á Akureyri í fyrra. Þá keyptum við hjólhýsi fyrir félagsmenn okkar og til að koma til móts við sem flesta í orlofsúrræðum bjóðum við einnig orlofsstyrk að upphæð 28.500 sem hentar til dæmis þeim sem eiga fyrir eigið sumarhús.“

„Brú er persónulegt stéttarfélag sem við rekum eins og heimili. Við fáum oft að heyr



að hér sé vel í lagt og ánægjuraddir félagsmanna. Við leggjum okkur fram um að gera þjónustuna persónulega og eftir tuttugu ár er maður farinn að þekkja suma félagsmennina með nafni“.

„Við erum þegar farin að undirbúa afmælið en verðum ekki með hefðbundin veisluhöld. Afmælisins verður minnst með öðrum hætti og á eftir að koma ánægjulega á óvart.“

*Eygló Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri.*

### EFNI Í ÞESSU BLAÐI:

Brú – félag stjórnenda verður hundrað ára á næsta ári.....	1
Hátíðarkveðja.....	1
Hugleiðing í tengslum við komandi kjarasamninga.....	2
Almennur félagsfundur!.....	2
Fréttir frá orlofsnefnd.....	3
Jólatrésskemmtun.....	4
Desemberuppbotin.....	4

Núna þegar jólin færast nær og árið fer senn að kveðja þá hvet ég til þess að við sendum kærleik til þeirra sem hafa það miður gott.

Styðjum við þá sem þurfa á því að halda t.d. með því að gefa til hjálparstofnana. Með því leggjum við okkar af mörkum til að stuðla að því að allir (sem flestir) geti haft það bærilegt um hátíðarnar og auðvitað alla aðra daga ársins. Það eru ekki allir jafn heppnir í lífinu eins og t.d. einstaklingar eða fjölskyldur sem ekki hafa í sig og á og þar sem veikindi eða bág staða eru fyrir hendi. Mér finnst það skylda hvers og eins Íslendinga að hjálpa til á þessum tímum sem eru að fara í hönd.

Mig langar til að nota þetta tækifæri til að óska öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári og munum að koma fram við aðra eins og við viljum að sé komið fram við okkur – alltaf.

*Sigurður Kristinsson*

Gæða verkfæri frá  
**KRAFTWERK**<sup>®</sup>  
FAVORITE TOOLS SINCE 1979



**LOGEY**  
Vesturvör 7  
S:511-2055

# Hugleiðing í tengslum við komandi kjarasamninga

Nú þegar líður að endurnýjun kjarasamninga velti ég fyrir mér hvort kauphækkunar fari ekki bara út í tómið eins og svo oft áður? Nú skal ég skýra út af hverju ég velti þessu upp.

Hvernig verður samið og um hvað? Það sem ég er búinn að heyra núna bendir til að nú fari í hönd langar samningaviðræður með verkföllum og leiðindum. Auðvitað liggur fyrir að það verður að hækka lægstu launin en það dugar ekki bara til að hækka launin. Ríkið og þeir sem þar stjórna þurfa að taka samfélagslega ábyrgð á næstu kjarasamningum þannig að allar launahækkunar fari ekki út um gluggann, þ.e.a.s. beint í verðbólguhitina. Verðbólgan hækkar og allt verður dýrara fyrir almenning; matur, bensín o.s.frv.

Ég er fæddur árið 1961 og hef séð verðbólguna í raun. Hver man eftir því þegar verið var að taka núllinn aftan af krónunni okkar aftur og aftur, en allt fór í sama farið. Það litla sem maður var farinn að eignast í íbúðinni sinni fór af því að lánin hækkuðu og hækkuðu, gjöld og álögur frá ríkinu hækkuðu að sama skapi. Þeir einu sem græddu á þessu öllu saman voru þeir sem áttu peninga, þ.e. bankar; lífeyrissjóðir og fl. sem sagt þeir sem áttu nóg fjármagn. Þær stofnanir passa alltaf upp á að fá sitt til baka. Er ekki kominn tími til að snúa þessu við og setja í fyrsta sæti í næstu sam-

ingum að verðtryggingin verði aflögð með öllu, það eitt myndi að mínum dómi vera ein besta kjarabót sem íslenskt launafólk gæti fengið.

Er það í lagi að þú takir íbúðarlán árið 2007 að upphæð ca. 19 millj. kr. og árið 2018 er það komið upp í 29 millj. kr. og ekkert að ráði búið að borga niður af höfuðstól lánsins. Það sér hver heilvita maður að þetta getur ekki gengið svona lengur. Allar hækkunar sem við fáum hverfa og verða að engu. Einhverjir segja að það sé búið að vera góðæri og allt sé í lagi, en hér á okkar landi þá koma alltaf slæm ár á eftir þeim góðu og á slæmu tímabilunum tapast allt sem við erum búin að byggja upp og jafnvel meir en það. Og talandi um allt þetta góðæri sem búið er að vera. Af hverju var ekkert gert fyrir þá sem minnst mega sín og hafa varla til hnífs og skeiðar. Þetta hefði verið frábært tækifæri til þess.

Það eru fá lönd í heiminum sem eru með verðtryggingu að því sem ég best veit og allt virðist ganga ágætlega hjá þeim. Hvernig væri að skipta um gjaldmiðil eða festa krónuna okkar við einhvern annan stærri og öflugri gjaldmiðil? Þegar kosningar koma þá lofa margir stjórnmalaflokkar að taka á þessu en ekkert er gert. Kannski er það að hagsmunir þeirra sem eiga peninga vega þyngra en



þeirra sem eiga þá ekki, hver veit. Það er undarlegt að mínu mati hvað það er mikil tregða við þetta. Þetta er það sem gæti gert mikið fyrir alla og þá meira en einhverjar háar launahækkunar sem skila þegar upp er staðið engu. Hvernig væri að setja þetta í fyrsta sæti og láta verklýðsforingja okkar og viðsemjendur ásamt ríkinu setja þetta í fyrsta og annað sæti?

*Með kveðju,  
Sigurður Kristinnsson*

## ALMENNUR FÉLAGSFUNDUR!

Félagssfundur verður haldinn miðvikudaginn 28. nóvember n.k  
kl. 19:00 í sal ÍSÍ að Engjavegi 6, 104 Reykjavík. (húsið við hliðina á Laugardalshöllinni)

### Á dagskrá eru lífeyrissjóðsmál;

Frá Landssambandi lífeyrissjóða kemur aðili sem fjallar um lífeyrissjóðsmál, t.d. skiptingu á lífeyri milli hjóna, ellilífeyri frá Tryggingastofnun, sértæka séreign og að greiða séreignasparnað inn á íbúðalán.

Brú félag stjórnenda hvetur félagsmenn sína til að sækja fundinn og taka maka sína með.

Matur verður í boði félagsins og því verður að skrá sig á fundinn, með því annaðhvort að hringja í skrifstofuna í síma 562-7070 eða senda tölvupóst [bfs@bfs.is](mailto:bfs@bfs.is)

# Fréttir frá orlofsnefnd

Fyrir þremur árum var ákveðið til reynslu að úthluta orlofsstyrkjum til félagsmanna, er skemmt frá því að seigia að það hefur mælst mjög vel fyrir þannig að nokkuð ljóst er að því verður haldið áfram. Önnur tilraun fór af stað á þessu ári, en síðastliðið vor var keypt nýtt hjólhýsi fyrir félagsmenn, leigðist það út í allt sumar og var ekki annað að heyra en að þessi möguleiki legðist vel í fólk þannig að sumarið 2019 verður það líka í boði. Rétt er að geta þess að á síðasta félags-

fundi komu upp spurningar um aðra orlofsmöguleika og erum við að sjálfsgöðu að skoða það.

Varðandi orlofshúsin okkar tvö við Skorradalsvatn, eitt í Áshvömmum Grímsnesi og eitt í Hlíðarfjalli við Akureyri hefur aðeins verið misbrestur á að fólk láta vita ef smáóhöpp verða og hvetjum við fólk til að passa það til að hægt sé að bregðast við þannig að næst leigutaki komi að húsinu eins og við viljum sjálf koma að þeim, smáóhöpp verða

alltaf hluti af svona rekstri þannig endilega látið vita á skrifstofuna.

Við húsið Einsfold 2 hefur verið settur rampur og braut yfir þröskuld á útihurð ásamt því að stoðfætur hafa verið settir á salerni til að fólk í hjólastól fái auðveldara aðgengi að húsinu. Húsið á Akureyri er nýtt þannig að þar er hjólastólaaðgengi eins og best verður á kosíð, plan malbikað og slétt yfirferð beint inní hús.

*Kv. Orlofsnefnd*

## Einisfold I



## Áshvammur 8



## Hrafnaland I



# JÓLATRÉSSKEMMTUN

Fimmtudaginn 27. desember kl. 17:00 !!

*Kæri félagi!*

Hin árlega jólatrésskemmtun verður haldin að Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 27. desember kl. 17:00.

Eins og hefð er orðin fyrir er aðgangur ókeypis fyrir börn félagsmanna og gesti þeirra.

Tilkynna þarf þátttöku á skrifstofu Brúar félags stjórnenda í síma 562-7070 eða á netfangið [bfs@bfs.is](mailto:bfs@bfs.is) fyrir 21. desember.

Stjórnin óskar þér og fjölskyldu þinni gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.



#### Ritnefnd Stjórnandans:

Sigurður Kristinsson  
Ábm. Pálína K. Árnadóttir

#### Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Sigurður Haukur Harðarson  
Ritari: Pálína K. Árnadóttir  
Gjaldkeri: Vilhelmina S. Ólafsdóttir  
Varaformaður: Bjarni Þór Gústafsson  
Meðstjórnandi: Jón Hersteinn Jónasson  
Varamaður: Friðrik Auðunn Jónsson  
Varamaður: Eygló Guðmundsdóttir

#### Skrifstofa Bfs

Skipholti 50d,  
105 Reykjavík og er opin frá kl. 9:00 til  
14:00 alla virka daga.  
Sími: 562-7070  
Myndriti: 562-7050  
Netfang: [bfs@bfs.is](mailto:bfs@bfs.is)  
Heimasíða: [bfs.is](http://bfs.is)  
Starfsmaður: Eygló Guðmundsdóttir

#### Heimasíða

#### Sambands stjórnendafélaga

Stf.is  
Netfang: [stf@stf.is](mailto:stf@stf.is)

## Desemberuppbot 2018

Desemberuppbot fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Almennum markaði er þ.e SA.....	89.000 kr.
Orkuveita Reykjavíku.....	103.300 kr.
Faxaflóahafnir.....	97.100 kr.
Reykjavíkurborg.....	97.100 kr.
Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisjóðs.....	89.000 kr.
Sveitafélögin.....	113.000 kr.